

**Fundargerð 75. fundar Fræðslusjóðs**  
**Mánudaginn 30. apríl 2018 kl. 14:00 – 15:30**  
**haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð**

**Boðuð:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Margrét Sigurðardóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Björg Baldursdóttir, Fjola Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson.

**Boðuð forföll:** Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

**Frá FA:** Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson

**Gestir:** Fulltrúi frá EY, endurskoðendum (liður 2). Fjola María Lárusdóttir, sérfræðingur hjá FA (liður 4).

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

**2. Ársreikningur 2017 lagður fram.**

Valgerður Kristjánsdóttir, endurskoðandi hjá EY fór yfir áritun EY og svaraði spurningum um reikninginn.

Björn fór yfir reikninginn.

Reikningurinn samþykktur án athugasemda af stjórn og endurskoðanda.

**3. Drög að ársskýrslu 2017 lögð fram.**

Sveinn fór yfir drögin og þær breytingar sem unnið er að.

Samþykkt að þegar endanleg drög liggja fyrir verði þau send stjórnarmönnum til yfirlestrar og umsagnar. FA mun klára skýrsluna og send mnrn. Sú afgreiðsla mun fara fram milli funda.

**4. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu – staða. Niðurstöður samtalsfundar FS og FA 13.3. sl.**

Sveinn fór yfir vinnu verkefnahópsins fram að þessu, helstu spurningar sem komið hafa fram og stöðu málsins í dag.

Stjórn vekur sérstaka athygli á að fjölmargt af því sem kemur fram í "Skýrslu verkefnahóps um fullorðins og framahaldsfræðslu 22. maí 2015" á fullt erindi inn í umræður um og vinnu við endurskoðun laganna.

**5. Önnur mál.**

**5.1. Umsóknir um þróunarverkefni**

Umsóknir árið 2018 eru 20 samtals að upphæð 46.798.500. Afgreiðsla umsókna fer fram á næsta fundi.